

Tuuri sagðist hafa heyrt að sögur hans líktust á köflum Íslendingasögunum.

mínum. Tíminn í verksmiðjunni var mikilvægur fyrir mig sem rithöfund. En auðvitað skrifa ég ekki bara um iðnað því öll reynsla er efniviður fyrir rithöfunda.

Heimurinn er þannig í dag að það sem skrifað er í einu landi getur auðveldlega höfðað til manna á fjarlægum menningarsvæðum. Ég sæki efni mitt til mannlífsins í Austurbotni í Finnlandi en held þó að menn sem eru ókunnugir því landsvæði geti skilið það sem ég skrifa. Þótt ég þekki lítið til íslensks mannlífs get ég notið íslenskra bókmennta. Það er svo margt í reynslu manna sem er sameiginlegt þrátt fyrir ólíkt umhverfi."

Nú er sagt að verkum þínum svipi til Íslendingasagna. Er eitthvað til í því?

„Ég hef heyrt þetta. Ég hef lesið nokkrar fornsagnanna en veit ekki hvort það sem ég skrifa á eitthvað skylt við þær. Ef til vill er bent á þetta atriði til að betur gangi að kynna verk mín hér á landi."

Það hefur einnig verið bent á að í verkum þínum gæti áhrifa frá rússneskum nítjándu aldar höfundum.

„Allir finnskir rithöfundar sækja mikið til rússneskra bókmennta. Á síðari árum hefur t.d. Tshechov verið mér mikilvægur."

Eiga bókmenntaverðlaunin eftir að hafa áhrif á feril þinn sem rithöfundar?

„Þau skipta ekki það miklu máli að ég breytist sem rithöfundur. En verðlaunin hjálpa mér og valda því að



Verðlaunin hjálpa mér sem rithöfundi. DV-myndir KAE.

bækur mínar fara víðar en ella hefði orðið. Þau auðvelda mér einnig að helga mig skriftum eingöngu. Þegar ég var yngri gat ég unnið á daginn og skrifað á kvöldin. Síðustu tvö árin hef ég reynt að hafa ritstörf að aðalstarfi. Verðlaunin auðvelda mér að halda því áfram." -GK.

Páll Guðmundsson

— að Kjarvalsstöðum


Páll Guðmundsson nefnist ungur myndhöggvari sem um þessar mundir sýnir 23 höggmyndir, „höggnar í rautt og blátt grjót, en það finnst í Bæjargilinu á Húsafelli". Í sýningarskrá segir að jarðfræðingar telji þetta grjót einstætt og ekki að finna annars staðar en í Bæjargili.

Grjót

Páll Guðmundsson heggur beint í grjótið fígúratífar myndir — andlit, fætur, kindur og ljón — sem virðast vaxa út úr efninu. Í raun getum við sagt að listamaðurinn „lesi" út úr náttúrunni myndir sem hann síðan undirstriki — seiði fram — og geri að veruleika fyrir hinn hefðbundna listáhorfanda. En þetta samspil við náttúruna er afar viðkvæmt og listamaðurinn verður ávallt að gæta þess að ganga ekki of nálægt steininum og umbreyta honum ekki í einhverja banala sjónblekkingu. Hér liggur styrkur og gildi verkanna umfram allt í efninu og vinnuaðferðinni. Þetta kemur vel fram í verkum eins og „Húsafellspresturinn" og „Hrútur", þar sem áhorfandinn les í senn grjót og mynd. Form grjótsins heldur sér í þessum verkum, ennfremur sem gróf áferð eykur á virkni efnisins. Aftur á móti í þeim verkum þar sem listamaðurinn meitlar af meiri nákvæmni, umbreytast verkin aðeins í mynd af einhverjum manni *sem við getum nefnt ákveðnu nafni.* Í þessum verkum er efnið dautt og formið hlutlaus burðargrind undir hversdagslega sjónhverfingu.

Gott innlegg

Þó svo að höggmyndir Páls Guðmundssonar séu nokkuð misjafnar að gæðum þá eru þær bestu gott innlegg í NÝJA SKÚLPTÚRINN sem einkennist einmitt af þessum beinu og nánast „villtu" vinnubrögðum. Myndhugsun listamannsins minnir því um margt á sambærilegar tilraunir yngstu skúlptúrkynslóðarinnar erlendis, nema hvað, myndir Páls virka fullkomlega persónulegar vegna þess að listamaðurinn hefur greinilega ekki sótt í *listtímaritin heldur í íslenska náttúru.* Og því skulum við hvetja listamanninn til að efla tengslin við náttúruna, grjótið og þá myndfræði sem í berginu býr.



„Í rauninni getum við sagt að listamaðurinn „lesi" út úr náttúrunni myndir sem hann síðan undirstriki — seiði fram — og geri að veruleika fyrir hinn hefðbundna listáhorfanda." DV-mynd Bj. Bj.

Íslensk höggmyndalist

Þessi sýning Páls er aðeins enn einn vitnisburðurinn um uppgang íslenskrar höggmyndalistar. Það er því ekki úr vegi að hvetja íslensk listasöfn til að efna til yfirlitssýningar á íslenskri höggmyndalist, t.d. síðastliðna tvo áratugi.

GBK

Myndlist


Gunnar B. Kvaran

SKATTEFTIRLIT


Lausar eru til umsóknar stöður eftirlitsfulltrúa á skattstofum í Reykjanesumdæmi og Norðurlandsumdæmi eystra. Umsækjendur þurfa að hafa góða þekkingu á bókhaldi og skattskilum eða hafa lokið embættisprófi í lögfræði eða viðskiptafræði. Umsóknir berist fjármálaráðuneytinu fyrir 29. mars nk.

Reykjavík, 22. febrúar 1985.
Fjármálaráðuneytið.

BINGÓ
LUKKUBINGÓ
Í GLÆSIBÆ
laugardag kl. 13.30
10 UMFERÐIR — 50 VINNINGAR.
HEILDARVERÐMÆTI
100.000 KRÓNUR
Aðalvinningur 35.000 kr.
Næsthæsti vinningur 15.000.
STJÓRNIN.

Fjallaskór

klifur-og gönguskór
DACHSTEIN
der schuh der spitzenklasse


Säntis kr. 2.514, stærðir 36—47 — Oetz kr. 1.748, stærðir 36—46 — Flims kr. 1.896, stærðir 36—46 — Achensee kr. 1.545, stærðir 36—46 — Softy kr. 1.744, stærðir 36—46 — Retz kr. 997, stærðir 36—46 - Retz Kinder kr. 830, stærðir 30—35.
BJARNI D. JÓNSSON
PÓSTSENDUM SAMDÆGURS.
FÁLKINN
SUÐURLANDSBRAUT 8 SÍMI 84670

Dunlopillo®
LYSTADÚN Dugguvog 8—10 Sími 84655
Vellíðan í svefni er vörn gegn bakverkjum. STABIFLEX rúmbotninn og LATEX dýnan frá Lystadún er rétta lausnin.

Áður fyrr bölvaði maður bakverkjum í hljóði. Nú reyna menn að finna lausn á vandamálinu.
STABIFLEX rúmbotninn og LATEX dýnan lækna ekki öll mein. En við höfum orð sérfræðinga og þúsunda ánægðra viðskiptavina um allan heim fyrir því að STABIFLEX rúmbotn og LATEX dýna bæði hindra og draga úr verkjum og eymslum í baki. Þau eru ekki mörg vandamálin sem þú leysir sofandi en hér hefur þú undantekningu.
Eigum á lager rúmbotna í stærðum
200 × 70
200 × 75
200 × 80
200 × 85
200 × 90
Sendum í póstkröfu hvert á land sem er.